

Nútímafórnir



Sigurður E. Sigurðsson

NÚ ÞEGAR verslunarmannahelgin er liðin hjá og „staðlaðar“ fréttir af umferð sem hefur gengið vel, ef frá eru skilin nokkur umferðarslys, og útihátíðir sem hafa farið vel fram, ef frá er skilin mikil ölvun, nokkrar nauðganir og metár í fíkniefnum, þá veltir maður fyrir sér hvort þjóðfélagið sé einfaldlega farið að reikna með því að svona skemmtunum fylgi ákveðinn fórnarkostnaður í lífi og limum og meðan hann er ekki óhóflegur þá reiknast allt fara vel fram. Vissulega er rekinn áróður fyrir svona helgar bæði hvað varðar umferðina, gegn kynferðislegu ofbeldi og fíkniefnum. Eiga lögreglan, umferðarstofa, hjálparsevitir og fleiri sem koma þar að þakki skildar. Þetta virðist þó ekki duga og við sem vinnum á sjúkrahúsum og við heilsugæslu þurfum á hverju ári að horfa á hinar dökku hliðar þessa skemmtanahalds. Við þekkjum harmsögurnar á bak við tölurnar og sjáum afleiðingar ofbeldis og slysa löngu eftir að fréttin í blaðinu er gleymd.

Eigum við þá að segja að allt sé reynt og þetta sé og verði svona? Sem læknir, faðir og þegn í þessu landi þá get ég ekki sætt mig við það.

Hvað er þá til ráða? Það væri gott ef einhver töfrausn væri til en ég ætla mér ekki að vita betur en fólkíð sem vinnur við þetta og áróðursherferðir sem farnar eru vonar maður að skili einhverju þannig að ástandið væri enn verra ef ekki væri til staðar. Það er hins vegar í mínum huga nokkuð ljóst að fleira verður að koma til. Þetta er ekki nóg. Hvað umferðina

varðar þá er það fyrst og fremst hugarfarsbreyting. Það er eins og áróðurinn skili sér ekki til ákveðinna hópa, til dæmis ungra ökumanna. Maður þarf ekki nema að keyra einu sinni milli Akureyrar og Reykjavíkur til að sjá það. Þurfum við að horfa á nýjar leiðir? Erum við sem setjum reglurnar nægilega vakandi fyrir því hvernig á að ná til ungra ökumanna? Hlustum við nægilega vel á þá og tryggjum við þá að þeir hlusti á okkur? Erum við að refsast þegar við eigum að leiðbeina? Hvernig væri til dæmis að taka upp þá nýbreytni að við sum umferðarlagabrot gæti ökumaður sloppið við greiðslu sektar gegn því að skrá sig í svo sem fimm ár sem líffæragjafa. Það myndi eflaust vekja hugsanir sem væru líklegri til að menn færu með meiri gát í umferðinni en pirrandi aukaútgjöld sem ég held að flestum finnst umferðarsektir vera.

Hvað varðar ofbeldisbrotin þá held ég að eins og með svo margt annað þá þurfi foreldrar að axla ábyrgð. Að mínu viti fer alltof mikill tími og orka í að leita að blóraböggjum, svo sem tölvuleikjum, bíómyndum og þvíumlíku. Förun á undan með góðu fordæmi og kennum börnum okkar að við búum í þjóðfélagi sem sattu sig ekki við ofbeldi í hvaða mynd sem það birtist. Engar afsakanir. Ef við þurfum hjálp þá leitum við eftir henni. Ef okkur tekst að verða eitthvað ágengt með að leggja niður þessar nútímafórnir þá verður kannski verslunarmannahelgin í framtíðinni ánægjuleg fyrir **alla**.

Höfundur er meðstjórnandi í stjórn LÍ.

Í pistlum Af sjónarhóli stjórnar birta stjórnarmenn LÍ sínar eigin skoðanir en ekki félagsins.

LÍ ræður hagfræðing til starfa

AÐ UNÐANFÖRNU hafa farið fram umræður innan læknasamtakanna um nauðsyn þess að Læknafélag Íslands komi sér upp staðgóðum hagtölum á sviði heilbrigðis- og kjaramála. Hefur í því sambandi verið rætt um að stofna hagdeild LÍ. Á formannafundi í vor lagði stjórn LÍ fram tillögu um að gera tilraun til þriggja ára með að ráða hagfræðing til starfa sem fyrst og var hún samþykkt með fyrirvara um samþykki aðalfundar LÍ í haust.

Nú hefur Vilborg H. Júlíusdóttir hagfræðingur verið ráðin til starfa á skrifstofu LÍ frá og með 15. september. Vilborg er cand oecon frá Háskóla Íslands og starfaði hjá Þjóðhagsstofnun á árunum 1987 til 2002. Á árunum 2002 til 2003 var hún forstöðumaður hagdeildar Tryggingastofnunar en hefur frá árinu 2003 verið hagfræðingur hjá Samtökum atvinnulífsins.

Vilborg er boðin velkomin til starfa.



Vilborg H. Júlíusdóttir.